

Námsmappa í íslensku í 7. bekk

Haustönn 2006

Gildir 25% af annareinkunn í íslensku.
Skiladagur 15. nóvember

Markmið með persónumöppunni er að vera trúverðug heimild um nám nemandans, með því að gefa yfirlit um þau verk sem unnin hafa verið.
Nokkurskonar heimildasafn.

Auk sýnishorna af verkum hefur persónumappan gjarnan að geyma ýmis skrif nemandans um verkni og glímuna við þau. Stundum eru valin bestu verkefni en í öðrum tilvikum fylgja einnig sýnishorn af viðfangsefnum sem hafa mistekist. Í möppunni geta verið umsagnir kennara, skólasystkina eða annara umsagnaraðila.

Það sem persónumappan á að innihalda:

Umsögn um eina lesna bók á önninni.
2 skriftarverkefni.
2 stafsetningarverkefni þ.a. eitt heimaverkefni.
1-2 ritunarverkefni gjarnan myndskreytt.
Málfræðiverkefni – sýnishorn af prófi eða ljósrít af verkefni úr námsbók.
Greining á ljóði.
Sýnishorn af frumsömdu ljóði.

Umsögn foreldris um valið verk úr möppunni.
Umsögn þín um valið verk úr möppunni, af hverju gerðir þú það svona, hver er kveikjan að verkinu og hvað finnst þér um það?

Frágangur:

Verkefnum skal skila í teygjumöppu úr pappa (ekki plastmöppu) sem hefur verið skreytt í samvinnu við textílmennt.